

Kennarar: Guðlaugur Ómar Guðmundsson

Tímafjöldi: 6 tímar í viku

Kennslufyrirkomulag: Smíðja

Árgangar: 1 & 2. bekkur

Leikur og tjáning

Í leik og tjáningu er megináhersla lögð á leiklist, en þó er dans og hreyfing einnig lykilatriði. Þessir þættir gera nemendum kleift að tjá sig á annan hátt en með orðum. Dans og hreyfileikir örva og þroska líkamsvitund nemenda og styrkir líkamslæsi og hreyfigreind þeirra. Hreyfingin er mikilvæg leið til að hlúa að og örva hreyfi-, rýmisgreind og félagsþroska. Hún mun veita nemendum aukið tækifæri til þroska og mennta. Leiklistin styrkir nemendur í því að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Leiklist gerir nemandanum kleift að tjá og móta hugmyndir sínar og tilfinningar, auk þess að koma þeim á framfæri. Hún mun stöðugt reyna á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun, með fjölbreyttum hópeflis- og spunaleikjum.

Leikur og tjáning

Námspættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur:</i>	Leiðir:
Dans Leikur Leiklist Söngur	- Tónlist - Tónlistarleikir - Myndbönd - Hópleikir - Hlutverkaleikir - Búningar - Leikmunir - frá kennara	- Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi. -Lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur. -Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum. - Sett saman	- Umræður - Leikir - Hópvinna - Áhorf

		<p>einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.</p> <p>-Sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.</p> <p>- Lýst leiknu efni á sviði eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.</p> <p>-Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.</p> <p>- Beitt einföldu formi leiklistar.</p>	
<p>Námsmat: Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti</p>			